



Lúxemborg, 22. desember 2016

## FRÉTTATILKYNNING 13/2016

**Dómur í máli E-6/16 *Fjarskipti hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun***

### **SMS-ÞJÓNUSTA Á VEFNUM KANN AÐ TELJAST TIL RAFRÆNNA FJARSKIPTA**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Héraðsdómi Reykjavíkur um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu („tilskipunin“).

Fjarskipti hf. („stefnandi“) rekur vefsvæði þar sem viðskiptavinir fyrirtækisins geta sent smáskilaboð („SMS“) af vefsvæðinu í farsíma. Í nóvember 2013 var brotist inn á vefsvæði stefnanda og upplýsingum þúsunda viðskiptavina stolið og þær birtar á netinu. Póst- og fjarskiptastofnun („stefndi“) fór fram á að fá upplýsingar frá stefnanda um innbrotið. Stefnandi svaraði beiðni stefnda bréfleiðis. Í bréfi sínu bar stefnandi því við að hann teldi valdsvið stefnda ekki ná yfir vefsvæði sitt. Í kjölfarið komst stefndi að þeirri niðurstöðu að vefsvæði stefnanda og SMS-þjónustan sem þar væri veitt teldust til rafræns fjarskiptanets, rafrænnar fjarskiptaþjónustu og almenns fjarskiptanets, sem skilgreind væru í tilskipuninni. Þar af leiðandi félli vefsvæðið og þjónustan sem veitt væri þar undir valdsvið stefnda. Ákvörðunin var kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem staðfesti hina kærðu ákvörðun. Stefnandi höfðaði í framhaldinu mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem aflaði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um túlkun hugtakanna þriggja.

EFTA-dómstóllinn tók fram að til þess að kerfi gæti fallið undir hugtakið „rafrænt fjarskiptanet“ skilningi a-liðar 2. gr. tilskipunarinnar yrði það að fela í sér sendikerfi, skiptistöðvar, beina eða önnur úrræði sem gerðu það mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum eða með öðrum rafsegulaðferðum. Markmið tilskipunarinnar um tæknilega hlutlaust regluverk auk orðalags ákvæðisins bentu til þess að túlka yrði það rúmt. Þar sem hvort tveggja hugbúnaðurinn á vefsvæði stefnanda og farsímanet hans væru nauðsynlegir þættir í miðlun skilaboðanna komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að vefsvæðið og farsímanetið virtust mynda hluta af heildstæðu rafrænu fjarskiptaneti.

Dómstóllinn komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að til þess að þjónusta gæti fallið undir hugtakið „rafræn fjarskiptaþjónusta“ í skilningi c-liðar 2. gr. tilskipunarinnar yrði hún (i) að jafnaði að vera veitt gegn þóknun, (ii) felast að öllu eða mestu leyti í því að flytja merki á rafrænum fjarskiptanetum, auk þess sem (iii) efni sem sent væri með fjarskiptanetunum mætti ekki vera „boðið fram eða því ritstýrt“ í skilningi tilskipunarinnar.

Að lokum komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að til þess að rafrænt fjarskiptanet gæti fallið undir hugtakið „almennt fjarskiptanet“ í skilningi d-liðar 2. gr. tilskipunarinnar yrði það að vera að öllu eða mestu leyti notað til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu sem væri öllum aðgengileg. Í þessu tilliti teldist þjónusta vera öllum aðgengileg þegar almenningur gæti kosið að nýta sér hana. Um það skilyrði að fjarskiptanetið yrði að vera að öllu eða að mestu leyti notað til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu, tók dómstóllinn fram að nauðsynlegt væri að taka mið af því að hve miklu leyti fjarskiptanetinu væri ætlað að veita þjónustu sem væri aðgengileg öllum borið saman við annars konar þjónustu.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkygning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.